

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. desember 1992:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 189, 22. maí 1992:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 0,37%.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1992.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

Steinunn Bjarman.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar nr. 160/1982 með síðari breytingum.

1. gr.

53. gr. orðast svo:

#### **Heilsugæsla í skólum.**

- 53.1 Heilsugæslustöðvar annast heilsugæslu í skólum samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
- 53.2 Starfsfólki heilsugæslustöðvar ber að gefa sérstakan gaum að börnum á skólaskyldu-aldri með seinkaðan greindarþroska, hegðunarvandkvæði og erfiðar félagslegar aðstæður og leiðbeina þeim og fjölskyldum þeirra. Samráð skal hafa við kennara þessara barna og sálfræðiþjónustu skóla heilsugæslusvæðisins.
- 53.3 Fylgst skal með að fötluð börn fái sérstaka þjálfun við sitt hæfi í tengslum við skólaleikfimi eða með öðrum hætti.
- 53.4 Tannlæknir við heilsugæslustöð annast tannvernd skólanemenda á heilsugæslusvæðinu.
- 53.5 Haft skal eftirlit með vinnuaðstöðu nemenda og vinnutíma í skólum.
- 53.6 Landlæknisembættið gefur út nánari leiðbeiningar um framkvæmd skólaheilsugæslu og skýrslugerð þar að lútandi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. nóvember 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

Sólveig Guðmundsdóttir.